

Kæru félagar – til hamingju með baráttudag verkalýðsins!

Í dag, 1. maí, stöndum við saman í nafni verkalýðsbaráttunnar – í nafni samstöðu og réttlætis. Við höldum hátíð verkafólksins og minnumst baráttunnar sem hefur í aldanna rás fært okkur hina ýmsu sigra og von um betra samfélag. En við minnumst ekki aðeins fortíðar heldur horfum við til framtíðar enda eru verkefnin sem lúta að hagsmunum launafólks mörg og þau eru brýn.

Kæru félagar – alþjóðalög og friður eru grundvöllur lífskjara á Íslandi

Ísland er lítið land en tilvist okkar sem smáþjóðar er háð því að alþjóðalög séu ætíð virt. Við byggjum afkomu okkar á alþjóðlegum samskiptum, viðskiptum, flutningum og regluverki. Ef alþjóðalög eru virt að vettugi þá er það er bein ógn við land eins og Ísland. Allt hernaðarofbeldi og landrán á fullvalda ríki ber okkur að gagnrýna af fullum þunga. Við eigum að standa þétt með bandamönnum okkar sem tala fyrir friði og því að alþjóðalög séu í hávegum höfð.

Stríðið í Úkraínu sýnir hvernig yfirgangur og brot á alþjóðalögum geta valdið því að ruðst er yfir sjálfstæð ríki. Innrás Rússlands er árás á sjálfsákvörðunarrétt, á frið og lýðræði okkar allra. Við verðum að segja það skýrt: Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög séu virt. Það eru lögin sem vernda smáþjóð gegn valdboði stórveldanna.

Og svo er það Gaza. Fjöldamorðin í Palestínu, mannréttindabrotin, grófar loftárásir á óbreytta borgara – við getum ekki horft til hliðar. Það sem er að eiga sér stað í Gaza og Úkraínu er martröð samtímans. Ómannúðlegur stríðsrekstur

sem heimurinn má ekki þegja yfir. Við krefjumst vopnahlés tafarlaust og að það komist á friður.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi og um heim allan verður að vera rödd friðar. Við verðum að standa með almúganum – ekki hergagnaframleiðendum, ekki valdaklíkunum og öfgafullum einræðisherrum. Öryggi launafólks, fjölskyldna og samfélaga byggist á friði, virðingu og réttlæti. Það sem gerist úti í heimi hefur áhrif hingað heim og því eigum við sem þjóð að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að friður náist sem allra fyrst.

Kæru félagar – mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar og 100 ára afmæli Verkalýðsfélags Akraness

Það er engin tilviljun að við höldum 1. maí hátíðlegan ár hvert. Það er heldur engin tilviljun að hundruð þúsunda manna um allan heim safnast saman þennan dag – því verkalýðshreyfingin er ekki bara þáttur í sögunni, heldur burðarás í lýðræðisþjóðfélagi.

Á Akranesi erum við sérstaklega meðvituð um þetta hlutverk. Verkalýðsfélag Akraness varð 100 ára þann 14. október í fyrra – og það voru ekki aðeins tímamót heldur vitnisburður um djúpstæð áhrif og mikilvægi félagsins í samfélaginu. Í heila öld hefur félagið staðið vörð um réttindi verkafólks – krafist sanngjarnra kjara og unnið marga ótrúlega sigra fyrir félagsmenn sína. En betur má ef duga skal.

Það er of langt mál að telja upp allt sem hefur áunnist með verkalýðshreyfingunni í gegnum árin og áratugina. Ýmis atriði sem nú virðast sjálfsögð en voru baráttumál sem kröfðust hugrekkis, úthalds og samstöðu. Okkar frumkvöðlar, karlar og konur sem hættu lífsviðurværi sínu fyrir réttlæti, ruddu

brautina sem við göngum í dag. Þeirra starfi berum við virðingu fyrir en ábyrgðin er líka okkar, við verðum að halda áfram því starfi sem þau hófu.

Verkalýðsfélag Akraness hefur verið eitt af öflugustu stéttarfélögum þessa lands. Það hefur haft mikil áhrif á kjör og velferð ekki aðeins á Akranesi heldur víðar. Á afmæli þess í fyrra rifjuðum við ekki aðeins upp söguna – við horfðum einnig fram á veginn. Og sá vegur kallar enn á samtakamátt, einingu og áframhaldandi baráttu. Því enginn réttur heldur sér án baráttu og samstöðu.

Kæru félagar – stöðugleikasamningar og ábyrgð allra

Þann 6. mars árið 2024 skrifuðu aðilar vinnumarkaðarins undir stöðugleikasamninga sem áttu að marka tímamót í íslenskri kjarabaráttusögu. Verkalýðshreyfingin vildi taka áhættu sem laut að því að semja til langs tíma með hófstílltum hætti. Við ákváðum að hlusta á Seðlabankann sem ætíð stendur á öskrum þegar kjarasamningar verkafólks eru lausir um að semja þurfi með hófstílltum hætti til að ná niður vöxtum og verðbólgu.

Við ákváðum að gera þessa tilraun sem byggðist á að auka ráðstöfunartekjur launafólks með fleiri þáttum en bara beinum launahækkunum. Við vildum ná niður verðbólgu og vöxtum sem voru að ganga að íslensku launafólki og heimilum dauðum.

Við skulum rifja upp: Þegar viðræðurnar hófust árið 2024 var verðbólga yfir 8%. Og hún fór niður í 3,8% en fyrir nokkrum dögum kom ný verðbólgutala sem sýndi mikið bakslag en verðbólgan hækkaði um 0,93% á milli mánaða sem þýðir að 12 mánaða verðbólgan er núna í 4,2%. Þetta eru gríðarleg vonbrigði og sýnir og sannar enn og aftur að ekki eru allir að

taka þátt í þessu verkefni sem stöðugleikasamningarnir áttu að skila.

Já það voru mikil vonbrigði að sjá verðbólguna hækka um 0,93% á milli mánaða en hvað þýðir þetta fyrir skuldsett heimili? Já í dag nema verðtryggðar skuldir heimilanna 1950 milljörðum og með 0,93% hækkun á milli mánaða hækka verðtryggðar skuldir heimilanna um tæpa 20 milljarða á 30 daga tímabili. Sem er tvöfalt meira en áætlað er að veiðigjöld muni hækka um samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

En við segjum: nóg komið af því að launafólk beri ábyrgðina eitt. Ef heimilin í landinu eiga að lifa við raunverulegan stöðugleika – þá verða allir að axla sína ábyrgð. Fyrirtækin verða að halda aftur af verðhækkunum. Sveitarfélög verða að sýna aga í gjaldskrá. Ríkið verður að ganga á undan með góðu fordæmi.

Því hvað gerist ef svo er ekki? Þá étur verðbólgan niður kaupmátt launafólks. Þá hækkar kostnaður heimilanna – jafnvel þótt samningar séu hófstílltir. Þetta þekkjum við of vel. Það má ekki endurtaka sig.

Stýrivextir voru byrjaðir að lækka sem skiptir launafólk og heimili gríðarlega miklu máli enda fjármagnskostnaður heimilanna einn af stærstu útgjaldaliðum hvers heimilis. Við viljum búa í samfélagi þar sem fólk getur keypt sér heimili án þess að festast í skuldagildru, þar sem vaxtabyrði kremur ekki fjölskyldur. Og þá verða vaxtalækkanir að fylgja stöðugu verðlagi og hóflegum hækkunum á gjaldskrá.

Við í verkalýðshreyfingunni höfum sýnt enn og aftur að við getum tekið ábyrgð – og nú er kominn tími á að aðrir geri það

líka. Það er morgunljóst að ef allir og þá á ég við sveitarfélög, ríki, orkufyrirtæki, verslun og þjónustufyrirtæki halda ekki aftur af verðlagi þá verður þessi vegferð aldrei farin aftur. Því launafólk eitt og sér ætlar ekki og mun ekki eitt axla ábyrgð ef aðrir ætla að halda áfram að hámarka arðsemi sína á kostnað almennings og heimila.

Kæru félagar.

Við skulum ekki gleyma viðskiptabönkunum þremur en árið 2024 skiluðu íslensku viðskiptabankarnir – Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki – samtals 88 milljörðum króna í hagnað eftir skatta. Þessi hagnaður byggist að stórum hluta á háum vaxtatekjum, sem nema samtals 149 milljörðum króna. Þetta gerist á sama tíma og almenningur glímir við háa vexti, verðbólgu og aukinn kostnað í daglegu lífi. Viðskiptabankarnir þurfa að sýna samfélagslega ábyrgð en þessar tölur sýna að bankarnir hafa svigrúm til að draga úr álagi á almenning. Það er kominn tími til að þeir axli samfélagslega ábyrgð og hætti þessari taumlausu græðgi:

Viðskiptabankarnir 3 þurfa að:

- Lækka vexti á húsnæðislánum og öðrum neytendalánum.
- Draga úr þjónustugjöldum sem leggjast þungt á viðskiptavini.
- Stuðla að auknu gegnsæi í verðlagningu og þjónustu.

Bankarnir gegna lykilhlutverki í íslensku samfélagi og hagkerfi. Með því að sýna samfélagslega ábyrgð geta þeir stuðlað að betri framtíð fyrir alla landsmenn og hugsanlega byggt upp áður tapað traust almennings á fjármálakerfinu!

Kæru félagar – auðlindir, verðmætasköpun og landsbyggðin

Það skiptir máli hvernig við nýtum okkar auðlindir – því í auðlindunum býr afkoma þjóðarinnar. Hvort sem við tölum um fiskimiðin, vatnsföllin, orkuna eða náttúauðlindir, þá eiga þær auðlindir að þjóna fólkinu í landinu – ekki aðeins fáum útvöldum.

Við verðum að tryggja að verðmætasköpunin fari fram hér heima. Við verðum að fullvinna sjávarafurðir, nýta orkuna til atvinnuuppbyggingar sem skapar mörg og vel launuð störf. Ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu, heldur um allt land. Landsbyggðin er ekki aukaafurð þjóðfélagsins – hún er hjartað sem heldur því gangandi.

Það er staðreynd að 80% af skattspori sjávarútvegs verður til á landsbyggðinni. Þar liggja tekjurnar sem fjármagna skóla, sjúkrahús og samgöngur – en hlutfallið sem skilar sér aftur til þessara svæða er ekki sanngjarnt. Stóriðja, fiskveiðar og orkufrek framleiðsla skapar gríðarlegar útflutningstekjur – en of lítið af ávinningnum rennur til samfélaganna þar sem starfsemin fer fram.

Við verðum að tryggja jöfn tækifæri um allt land. Ef við gerum það ekki, þá missum við af miklum möguleikum og við sjáum byggðalög veikjast, ungt fólk flytja burt og verðmætasköpun flytjast í burtu með því.

Og því vil ég leggja sérstaka áherslu á að verðbólga og háir vextir eru óvinir allra – en þeir leggjast harðast á þá sem minnst hafa. Það er ekki hægt að byggja upp verðmæti í samfélagi þar sem fólk getur ekki fest rætur vegna okurvaxta. Hvernig eiga fyrirtæki að ráða starfsfólk, ef fólk hefur ekki

efni á að búa í heimabyggð? Hvernig á nýsköpun að blómstra ef vextir éta upp framtakið?

Verðmætasköpun er grunnforsenda fyrir velferð hvers samfélags. Það verður að tryggja að þau samfélög sem skapa verðmætin fái líka að njóta þeirra. Engin þjóð, ekkert sveitarfélag getur þrífist án þess að hafa tryggar og sterkar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar innan sinna vébanda.

Kæru félagar – atvinnuástandið á Akranesi

Að þessu sögðu er þyngra en tárur taki og það er sárt en nauðsynlegt að segja það eins og það er að atvinnuástandið á Akranesi er óásættanlegt með öllu. Við höfum horft upp á það undanfarin ár að heilu atvinnugreinarnar hverfa – sjávarútvegurinn, sem eitt sinn var burðarás bæjarfélagsins, er nær horfinn. Við skulum átta okkur á því að Akranes væri ekki það sveitarfélag sem það er í dag ef við hefðum ekki haft sterkan sjávarútveg á Akranesi en nú er allt horfið og við erum nánast orðin svefnbær þar sem uppundir 35% bæjarbúa eru nauðbeygðir til að sækja atvinnu til höfuðborgarsvæðisins.

Árið 2004 var Akranes fjórða stærsta verstöð landsins en á því ári var landað og takið eftir 170 þúsund þorskígildistonnur hér á Akranesi. Þetta ár greiddi fyrirtækið Haraldur Böðvarsson hátt í 5 milljarða króna í laun. Það voru ekki bara störf – það var öflugt atvinnulíf sem studdi við öll önnur störf í bænum: verslanir, þjónusta, samgöngur, menningu. Og hvað gerðist? Fyrirtæki sem stofnað var árið 1904 og lifði af tvær heimsstyrjaldir stóðst ekki fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar.

Við verðum að spyrja: hvernig getur það verið að fyrirtæki sem þoldi kreppur, stríð og hörmungar hafi ekki lifað af

Íslenska kvótakerfið? Hver ber ábyrgð á því að verðmætin voru flutt burt – en fólkið skilið eftir?

Við sjáum líka stóriðjuna á Grundartanga – Norðurál og Elkem – sem skapa yfir 150 milljarða í útflutningstekjur á hverju ári. Það eru um 10% allra útflutningstekna þjóðarinnar. Það er engum vafa undirorpið að stóriðjan á Grundartanga skiptir okkur miklu máli en því miður fáum við of lítið af þeim ávinningi sem hún ætti að skila okkur Skagamönnum. Fasteignagjöldin fara t.d. öll til Hvalfjarðarsveitar. Allar helstu skatttekjur af stóriðjunni verða eftir í Hvalfjarðarsveit. Akranes fær einungis útsvar af starfsmönnum sem búa í bænum en um 70% starfsmanna á Grundartanga koma frá Akranesi.

Mér persónulega finnst þetta ekki sanngjarnt, né réttlátt. Við Skagamenn verðum að sækja fram hvað verðmætaskapandi verkefni varðar en munum að við eigum glæsilegt samfélag og tryggja innviði– nægir að nefna í því samhengi leikskólana, grunnskólana, framhaldsskóla, öflugt íþróttastarf og heilbrigðisþjónustu. Við höfum eins og áður sagði sterka innviði en við verðum að efla atvinnulífið, laða að okkur öflugar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar. Því við höfum ekki nægilegt atvinnuframboð. Fólk neyðist til að sækja vinnu til Reykjavíkur, með tilheyrandi kostnaði, tíma og álagi á fjölskyldulíf.

Það er óásættanlegt að 8.500 manna bæjarfélag hafi t.d. ekki eitt einasta hótél. Ferðaþjónustan hefur nánast engan fót fest hér. Við verðum að spyrja: Hver ber ábyrgð? Hver er framtíðarsýnin? Hvar er áræðið?

Bæjaryfirvöld verða að vakna. Þau verða að hefja alvöru sókn í atvinnumálum – laða að ný fyrirtæki, nýta styrkleika okkar í stað þess að horfa á aðra bæi taka fram úr okkur. Við eigum allt sem þarf. Það vantar framtak og forystu.

Við viljum ekki bara sofa á Akranesi. Við viljum vinna hér, skapa hér, byggja hér. Og við ætlum ekki að sætta okkur við að framtíð okkar sé ákvörðuð annars staðar. Við eigum rétt á framtíð – hér heima og því verða bæjaryfirvöld og bæjarbúar allir að taka höndum saman og efla atvinnumöguleika á Akranesi eins og kostur er.

Sjáið hvað er að gerast í Ölfusi en þar hefur bæjarstjórn lagt ofuráherslu á verðmætaskapandi atvinnuverkefni sem skilar því að Ölfus er rekið með 1,6 milljarða rekstrarafgangi á meðan rekstrarafgangur hjá Akraneskaupstað er einungis 4,5 milljónir. Á Akranesi virðast bæjaryfirvöld hafa stólað á tekjur í kringum lóðabrask en ekki verðmætaskapandi verkefni eins og Ölfus hefur lagt áherslu á. Nú verður að verða breyting á og spyrjum öflug fyrirtæki hvað þurfum við að gera til að þið viljið hefja starfsemi á Akranesi ekki hvað ætlið þið að gera fyrir okkur. Það kostar að skapa fjármuni!

Kæru félagar – lokakafli: réttlæti, fjölskyldur og jöfnuður

Við í verkalýðshreyfingunni vitum að réttlæti og jöfnuður eru hornsteinar heilbrigðs samfélags. Það er sjálfsögð krafa.

Við verðum að skapa samfélag þar sem fjölskyldur geta vaxið og dafnað, þar sem öryggi og sanngirni eru grunnstoðir – ekki forréttindi fáeinna. Við verðum að tryggja að ungt fólk geti eignast heimili, stofnað fjölskyldu og byggt framtíð án þess að vaxtaokur og okurleigur kæfi vonir þess.

Við verðum að stoppa okrið. Við verðum að berjast gegn þeirri þróun að grunnþjónusta verði lúxusvara. Sveitarfélög og ríki verða að tryggja að leikskólar, íþróttastarf, heilsugæsla og húsnæði séu aðgengileg öllum. Það á ekki að skipta máli hvort þú fæðist inn í efnað eða tekjulágt heimili – allir eiga að hafa

raunveruleg tækifæri til að hafa þak yfir höfuð sitt og sinnar fjölskyldu.

Við verðum einnig að skilja að vaxandi ójöfnuður er ógn við sjálfa samfélagsgerðina. Misskipting eyðir trausti, eykur félagslega spennu og veikir lýðræðið sjálft. Samfélög sem missa jöfnuð, missa styrk sinn.

Kæru félagar, við stöndum á tímamótum. Við getum kosið leið samstöðu, réttlætis og jöfnuðar. Við getum kosið leið þar sem enginn er skilinn eftir, þar sem líf skjör ráðast ekki af fæðingarstað eða efnahag.

Við eigum að nýta tækifærin sem við höfum – til að byggja samfélag sem er sanngjarnt, sterkt og lifandi. Samfélag þar sem við berum ábyrgð hvert á öðru. Samfélag þar sem baráttan fyrir réttlæti heldur áfram – því verkalýðsbaráttunni lýkur aldrei.

Áfram verkalýðshreyfingin! Áfram réttlæti! Áfram baráttan fyrir betra samfélagi!